

Drög dags. 24. febrúar 2020

Til að ræða á fundi með ÍBR og ÍTR 19. febrúar 2020

## Skapalón – úttekt á íþróttafélögum Ármann, Fylkir og X – tillaga – fyrstu drög

Tillagan sem var samþykkt í ofbeldisvarnarnefnd 20. janúar:

Jafnréttisúttekt á þremur hverfisíþróttafélögum var gerð 2016. Í þeirri úttekt kom fram að jafnréttisstefnur voru ekki nægilega virkar innan þeirra. Í kjölfarið hefur verið unnið með hverfisíþróttafélögum og þau hvött til að standa betur að jafnréttisstarfi. Samkvæmt samningum sem gerðir eru fyrir hönd borgarinnar við íþróttafélögin eiga Íþróttabandalag Reykjavíkur og íþróttafélögin í Reykjavík að sjá til þess að allir njóti jafnra tækifæra til að stunda og starfa við íþróttir. Ofbeldisvarnarnefnd telur mikilvægt að taka upp þráðinn aftur og felur mannréttinda- og lýðræðisskrifstofu að gera úttekt á jafnréttismálum innan þriggja hverfisíþróttafélaga í Reykjavík. Meðal þess sem kannað verði er hvort þau séu með virkar jafnréttisáætlanir og siðareglur, kynjahlutfall iðkenda og hvernig fjármagn félagsins skiptist á milli kynjanna. Jafnframt verði skoðuð þátttaka þeirra hópa sem mannréttindastefnan nær til í starfi félaganna. Skoðað verði hversu aðgengilegar jafnréttisáætlanirnar séu og hvernig eða hvort þær eru kynntar fyrir starfsfólki, iðkendum og foreldrum iðkenda í yngri aldurshópum.

Bókun sem fulltrúar Samfylkingar, Viðreisnar, Pírata og Sósíalistaflokksins lögðu fram á fundi mannréttinda-, nýsköpunar- og lýðræðisráðs 13. febrúar:

Mannréttinda- og lýðræðisskrifstofu hefur verið falin úttekt á jafnrétti í íþróttum í takt við þá úttekt sem hefur verið gerð reglulega undanfarin ár. Lögð er rík áherslu á að úttektin taki mið af jafnrétti í víðum skilningi. Það verður áhugavert að fá niðurstöður þeirrar úttektar og vinna næstu skref til að auka aðgengi allra að íþróttum í borginni. Frístundakortið er dýrmætt tæki til að auðvelda aðgengi barna að frístundum og það er brýnt að nýta þá fjármuni til að nálgast þá hópa sem síður taka þátt í íþróttum, listnámi og öðru skipulögðu frístundastarfi.

Í samstarfssamningi ÍTR, ÍBR og íþróttafélaga er þessi grein:

### 13. gr.

ÍBR og íþróttafélögin skulu sjá til þess að allir njóti jafnra tækifæra til að stunda og starfa við íþróttir án tillits til uppruna, þjóðernis, stéttar, tungumáls, litarháttar, trúarbragða, lífs-, stjórnámálaskoðana, trúleysis, kyns, kynhneigðar, kynvitundar, kyntjáningar, kyneinkenna, aldurs, fötlunar, holdafars, líkamsgerðar, heilsufars, atgervis eða annarrar stöðu. ÍBR og íþróttafélögin eiga einnig að tryggja öryggi og velferð iðkenda og annarra sem að íþróttastarfinu koma. Þau skulu hafa virka jafnréttisstefnu og aðgerðaráætlun til að fylgja eftir stefnunni. ÍBR og íþróttafélögin skulu fylgja siðareglum og hegðunarviðmiðum, m.a.

reglum til að sporna við kynferðislegri áreitni og kynferðislegu ofbeldi í íþróttum, mannréttinda- og forvarnarstefnu Reykjavíkurborgar. Íþróttafélögin skulu bjóða uppá fjölbreytt starf og móti sér verkferla við móttöku á iðkendum af erlendum uppruna. Hverfisfélög skulu setja sér markmið um að hlutfall barna af erlendum uppruna í iðkendahóp endurspegli íbúasamsetningu hverfisins. Samkvæmt styrkjareglum Reykjavíkurborgar skulu styrkþegar hafa kynnt sér styrkjareglur, siðareglur og verkferla, og mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar og fylgja þeim við framkvæmd hins styrkta verkefnis. Á samningstímanum verður unnið að siðamálum þar sem íþróttafélögin tilnefna tvo fulltrúa sem aðstoða í málaflokknum innan hvers félags. Verði gerð úttekt á stöðu þessara mála á samningstímanum veiti íþróttafélögin fúslega allar upplýsingar sem á þarf að halda.

Úttekt verður gerð hjá þremur hverfisíþróttafélögum.

Við getum undirbúið og síðan ákveðið þann tíma sem úttektin fer fram á.

Úttektin er leiðbeinandi úttekt, þ.e. lögð verður áhersla á það sem betur má fara.

Mikilvægt er í úttektinni að tilgreina það góða starf sem félögin eru að gera. Hvað gengur vel í starfinu.

Leitast við að láta úttektina ná til fleiri þátta en jafnréttis kynjanna. Byggt verður á mannréttindastefnu borgarinnar sbr.13. grein.

Þegar það er hægt verður gerður samanburður við fyrri úttektir.

#### **Þættir sem horft verður til og tengjast ákveðnum iðkendahópum:**

- ✓ Jafnrétti kynja.
- ✓ Fatlað fólk.
- ✓ Innflytjendur.
- ✓ Hinsegin fólk.

#### **Það sem tekið verður út:**

### **Jafnrétti kynja**

#### **Kynjahlutfall í stjórnnum.**

Taka saman upplýsingar um kynjahlutfall í stjórnnum félaganna og meðal starfsfólks. Senda út póst og miða svörin við þann tíma eða eigum við að telja á vefsíðum?.

#### **Kynjahlutfall meðal iðkenda.**

Fá upplýsingar frá ÍBR (?)

Greina kynjahlutfall iðkenda.

Athuga hvernig kynjahlutfall er í mismunandi íþróttagreinum innan félagsins? Hvernig skiptist iðkendahópurinn skilgreint eftir aldri.

#### **Annað sem tengist kyni.**

Athuga verðlaun og verðlaunagripni sem iðkendur fá, er jafnvægi á milli kynja?

Skoða aðstöðu og fjölda æfingátíma, er jafnræði á milli stúlkna- og drengjaflokka?

Skoða „fyrirmyndir“.

Skoða úthlutun úr afrekssjóðum.

Skoða greiðslur og hlunnindi.

Skoða kynningarstarf. Er leitast við að vinna gegn staðalmyndum kynjanna þegar verið er að kynna starfseminu – t.d. í myndum sem eru notaðar.

### **Jafnréttisstefna.**

Er til samþykkt jafnréttisstefna hjá félaginu.

Er jafnréttisstefnan virk?

Er jafnréttisstefnan auðfinnanleg?

Er jafnréttisstefnan kynnt fyrir iðkendum og þegar um börn og unglunga er að ræða er hún þá jafnframt kynnt fyrir aðstandendum.

## **Innflytjendur**

### **Hlutfall innflytjenda**

Greina hlutfall innflytjenda í hverfinu? Hvert er hlutfall innflytjenda sem eru iðkendur?

### **Kynningarstarf**

Skoða hvernig kynning á félögum og íþróttagreinum sem eru í boði fer fram. Hvernig er starfið kynnt, er þess gætt að ná til sem flestra t.d með því að nota fleiri tungumál en íslensku og vera ekki með flókinn texta? Á hvaða tungumáli/um eru upplýsingar um æfingátíma, keppnir, mót o.s.frv. Hvernig er myndmálið í kynningarefni, fjölbreytileiki?

Skoða hvort tekið er sérstaklega á móti foreldrum/forsjáraðilum barna sem eru innflytjendur? Er skilningur á íþróttum sem leið til að gera innflytjendur virka í samfélaginu (inclusive integration).

Greina hlutfall innflytjenda meðal starfsfólks, þjálfara og þátttaka t.d. í foreldrafélögum? Sjálfboðaliðar?

## **Hinsegin iðkendur**

Skoða aðgengi að klósettum/búningsklefum fyrir þá sem eru trans/kynsegin/allt sem er ekki síis.

Athuga hvort starfsfólk fær fræðslu um hinsegin iðkendur?

Skoða hvort umhverfið sé hinseginvænt, er t.d. eitthvað hinsegin (regnbogafáni/límmiði) til staðar?

Er einhver tenging/samvinna við Tjörnina, félagsmiðstöð hinsegin ungmenna, eða Samtökin '78?

Skoða hvort það sé til staðar stuðningur við þá sem eru hinsegin.

## **Fatlaðir iðkendur**

Skoða aðgengi að íþróttaaðstöðu, búningasklefum og salernisaðstöðu. Bæði út frá aðgengi iðkenda sem og aðstandenda. Hvernig er því háttað þegar börn þurfa aðstoðarmanneskju með sér?

Skoða hvort fatlaðir iðkendur eigi möguleika á að æfa hjá félagunum. T.d. ef þeir hafa þörf fyrir stuðning vegna þroskahömlunar eða eru með hreyfihömlun.

Skoða hvort fatlaðir séu sýnilegir í kynningarefni.

## **Efnahagur**

Skoða hvort eitthvað sé gert til að auðvelda efnaminni börnum og unglingum að æfa. Er samvinna við þjónustumiðstöðvar t.d.?

## **Þættir sem snúa ekki að ákveðnum iðkendahópum:**

### **Laun og kjör þjálfara –**

Ath. síðast þá spurðum við að því...er það nægilega nákvæmt eða þarf að skoða það með öðrum hætti?

Skoða tækifæri til símenntunar.

(Er sakarvottorðs krafist við ráðningu)

### **Fræðsla –**

Skoða hvort fræðsluáætlun er til staðar?

### **Siðareglur**

Skoða hvort til eru almennar siðareglur hjá félaginu.

Er þær virkt plagg?

Eru þær auðfinnanlegar?

Eru siðareglur kynntar fyrir starfsfólki, iðkendum, og aðstandendum þegar um börn og unglinga er að ræða.

## **Forvarnir og viðbragðsáætlanir við kynferðislegri áreitni og ofbeldi**

Eru bæklingur um kynferðislegt ofbeldi og kynferðislega áreitni og viðbragðsáætlanir ÍBR auðfinnanlegur á vefsíðu?

Hefur bæklingurinn verið kynntur hjá félaginu?

Ath. kannski ekki hægt að skoða á þessu stigi hvort þær séu virkar.....

## **Umhverfið**

Hvaða myndir hanga á veggjum? m.t.t. kyns og uppruna/fjölbreytileika. Eru t.d. fatlaðir iðkendur sýnilegir?

Aðgengi, sjá fatlað fólk og hinsegin.

**Myndbirtingar á vefsíðum og í útgefnu efni félaganna.**

Tekið út í afmarkaðan tíma. Skilningur á því að þetta séu vísbendingar.